

orgelleik við Tónskóla Þjóðkirkjunnar í Reykjavík og lauk kirkjuorganista-prófi frá skólanum vorið 2010.

Ave hefur kennt tónlist í Eistlandi, Litháen, Sviss og á Íslandi. Undanfar-in ár hefur hún leikið og ferðast með margs konartónlistarhópum til Ítalíu, Frakklands, Þýskalands og Sviss, auk norðurlandanna. Hún kennir við Tónskólana í Fjallabyggð á Dalvík og er organisti og kórstjóri við Ólafs-fjarðarkirkju.

Darri Mikaelsson er fæddur og uppalinn í London. Hann byrjaði tónlistar-nám sitt á píanó og málmblásturshljóðfæri, en ellefu ára gamall hóf hann að læra á framtíðarhljóðfæri sitt, fagott. Eftir lokapróf frá Guildhall School of Music and Drama í London flutti hann til Íslands og starfar nú sem tónlistarkennari í Reykjavík og leikur oft með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Darri kemur mjög víða fram sem hljóðfæraleikari, hann er fagottleikari Blásarakvintetts Reykjavíkur, hefur oft leikið með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og tekið þátt í tónlistarflutningi á sýningum Þjóðleikhússins. Hann hefur komið fram með fjölmörgum hljómsveitum og einnig sem einleikari í Frakklandi, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Svíþjóð og Englandi.

Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir hóf sellónám á Íslandi, en flutti ung til Frakklands til framhaldsnáms. Hún lauk prófi í sellóleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn og stundaði einnig framhalds-nám í Ísrael og Frakklandi. Meðal kennara hennar má nefna Erling Blöndal Bengtsson, Torleif Thedeen, William Pleeth og Uzi Wiesel.

Í aldarfjórðung bjó Gunnhildur og starfaði sem sellóleikari erlendis; í Frakklandi, Danmörku, Ísrael og Svíþjóð, en fluttist heim árið 2011 og starfar nú hér sem sellóleikari og kennari. Hún hefur lagt áherslu á að leika nútímatónlist og hafa verk verið tileinkuð henni. Hún hefur leikið í mörg-um sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum bæði hér á landi og erlendis.

Gunnlaugur Torfi Stefánsson nam kontrabassaleik við Tónlistarskólana á Akureyri og í Reykjavík. Árið 1992 hélt hann til framhaldsnáms við Kon-unglega Tónlistarháskólann í Antwerpen og síðar við Konunglega Tón-listarháskólann í Brussel. Að loknu framhaldsnámi árið 1999 fluttist hann heim og hefur síðan komið víða við í íslensku tónlistarlífi.

Gunnlaugur bjó um skeið á Akureyri og var þá ráðinn við Sinfóníuhljóm-sveit Norðurlands og kenndi við tónlistarskólann þar. Síðar fluttist hann til Reykjavíkur og hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hljómsveit Íslensku Óperunnar, Kammersveit Reykjavíkur, Caput hópnum og tangó-sveitinni L'amour Fou og, á barokkbassa, með Bachsveitinni í Skálholti.

Vorljóð á ýli

Lagaflokkur eftir

Ingibjörgu Azimu Guðlaugsdóttur

við ljóð

Jakobínu Sigurðardóttur í Garði



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 19. júlí 2016 kl. 20:30

Margrét Hrafnadóttir nam söng hérlendis hjá Hólmsfríði Benediktsdóttur og Sieglinde Kahmann. Hún lauk söngkennara- og einsöngvaraprófi frá Tónlistarháskólanum í Stuttgart undir handleiðslu Michiko Takanashi, Robert Hiller og Franzisco Araiza. Wagnerfélagið í Stuttgart styrkti hana til veru í Bayereuth og í framhaldi af því hélt hún tónleika á þeirra vegum. Hún hefur haldið einsöngstónleika í Þýskalandi, Íslandi, Sviss og Ítalíu og einnig komið fram með fjölda kóra og hljómsveita.

Ásamt sellóleikaranum Ólöfu Sigursveinsdóttur gaf hún út geisladiskinn *Hjartahljóð* með íslenskum þjóðlögum. Þær hafa fengið styrk úr Tónlistarsjóði til að halda tónleika í Þýskalandi og Hlaðvarpinn hefur styrkt þær til að panta nýja tónlist til flutnings.

Að loknu námi hér heima fór **Gissur Páll Gissurarson** til Ítalíu og stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Bologna. Síðar sótti hann einkatíma hjá Kristjáni Jóhannssyni.

Gissur hefur komið fram á fjölda tónleika hérlendis, með kórum, í messum eftir Bach, Händel, Mozart og Verdi. Á sviði Íslensku Óperunnar hefur Gissur Páll sungið, meðal annars, *Nemorino* í Ástardrykknum, *Rodolfo* í La bohème og *Almaviva greifa* í Rakaranum frá Sevilla. Hann hefur sungið opinberlega og tekið þátt í óperuuppfærslum víða um heim, m.a. í Frakklandi, Ítalíu, Japan og Þýskalandi. Önnur plata hans, *Aría*, kom út í nóvember 2014 en þar syngur hann ítalskar aríur við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Grímur Helgason klarinettuleikari fór til framhaldsnáms að Conservatorium van Amsterdam hjá Hans Colbers og lauk þaðan M.Mus. prófi vorið 2011. Hann hefur leikið með margskonar hljómsveitum og samleikshópum, þar á meðal Kammersveitinni Ísafold, en þar var hann meðal stofnenda, Hljómsveit Íslensku Óperunnar, Caput hópnum, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Kúbus.

Grímur flytur reglulega kammertónlist og einleiksverk fyrir klarinettu og er einn stofnenda Tónlistarhátíðarinnar Bergmáls á Dalvík. Einnig hefur hann unnið við leikhús- og kvikmyndatónlist og spilað með djasshljómsveitinni Secret Swing Society. Nýverið var Grímur ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Ave Kara Sillaots er fædd og uppalin í Eistlandi og hóf þar tónlistarnám sitt. Hún lærði síðar á harmonikkunni við Tónlistarháskólann í Vilnius í Litháen og útskrifaðist árið 1996 með meistaraþáttum í kammertónlist og kennslufræðum. Hún stundaði söngnám, nám í orgelleik og litúrgískum

Efnisskrá

Togstreita

Varpaljóð á Hörpu

Vorljóð á ýli

Í vökinni

Einu sinni var

Hindarljóð

Næturljóð

Hvort var þá hlegið í hamri?

Barn

Ingibjörg Azima Guðlaugsdóttir stundaði nám í básúnuleik við tónlistarháskólann í Gautaborg og kórstjórn við Uppsalaháskóla í Svíþjóð. Síðan þá hefur hún starfað í Svíþjóð og á Íslandi sem básúnuleikari og kennari, stjórnandi kóra og lúðrasveita, og tónskáld.

Tónsmíðar Ingibjargar Azimu eru fyrst og fremst innblásnar af íslenskri ljóðagerð. Ljóðrænn og þjóðlegur blær einkennir því oft tónsmíðar hennar. Ingibjörg Azima hefur samið tónlist við ljóð fjölda íslenskra ljóðskálda og hafa tónverk eftir hana verið flutt á mörgum tónleikum og tónlistarhátíðum á Íslandi og í Svíþjóð. Á liðnu ári kom út geisladiskurinn *Vorljóð á ýli* með ljóðabálki þeim sem má heyra á þessum tónleikum.